

# Minnisblað

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/175*  
*komudagur 5.11.2007*

**Til: Samgöngunefndar Alþingis**

**Frá: Siglingastofnun** *A. Ø.*

**Dags: 05.10.2007**

**Varðar: Frumvarp til fjárlaga 2008. Fjárlagaliður 10-335-1.11 Vaktstöð siglinga**

---

Á fundi samgöngunefndar Alþingis þann 2. nóvember 2007 kynntu fulltrúar Siglingastofnunar nauðsyn þess að hækka téðan fjárlagalið um 27,0 m.kr. frá því sem segir í frumvarpinu eða úr 240,0 m.kr. í 267 m.kr. Tvær ástæður eru fyrir þessari hækkunarþörf. Í fyrsta lagi er samningur um rekstur Vaktstöðvar siglinga er bundinn vísitölum sem hækkað hafa verulega umfram verðlagsforsendur fjárlaga undanfarinna ára. Í öðru lagi er, í framhaldi af ákvörðun Flugfjarskipta ehf. um að selja landið undan fjarskiptastöðinni á Rjúpnahæð, nauðsynlegt að koma upp nýjum búnaði til fjarskipata við skip á öðrum stöðum. Kostnaður við það reyndist vanáætlaður við gerð fjárlagafrumvarpsins.

Í meðfylgjandi bréfum Siglingastofnunar til samgönguráðuneytisins frá 18.09.2007 og 01.10.2007 ásamt fylgiskjölum er að finna nánari rökstuðning fyrir málinu.



SIGLINGASTOFNUN

Samgönguráðuneytið  
Oddur Einarsson  
Hafnarhúsinu v/ Tryggvagötu  
150 Reykjavík

Kópavogi, 18.09.2007  
Tilv. 041/2008  
GH

### Efni: Undurbúningur fjárlaga 2008 - bundnir samningar, mál SAM07010108

Siglingastofnun er ábyrgðaraðili að einum samningi er kemur fram í töflu um skuldbindandi samninga í fjárlagfrumvarpi 2008, sem send var stofnuninni þann 17. september 2007. Samkvæmt gögnum úr bókhaldi Siglingastofnunar mun samningur um Vaktstöð siglinga með áorðnum breytingum kosta stofnunina um 222 milljónir króna árið 2007 og þá á verðlagi 2007. Samkvæmt *Vefriti fjármálaráðuneytis* þann 13. september 2007 þá er verðbólga síðustu 12 mánuði 4,2% og hækkun launavísitölu síðustu 12 mánuði 8,3% og er miðað við þær forsendur við mat á síðustu mánuðum ársins 2007. Vöntun á fjárveitingu vegna samningsins fyrir árið 2006 og 2005 er um 7,4 milljónir króna og fyrir árið 2007 stefnir í 9,2 milljónir króna vöntun. Uppsöfnuð vöntun vegna samningsins er því að verða 16,6 milljónir króna.

Samningurinn er bundinn bæði launavísitölu 60% og vísitölu neysluverðs 40%. Báðar þessar vísitölur hafa hækkað verulega á þessu ári og umfram það sem fjárlög 2007 og einnig fyrir árin 2006 og 2005 gerðu ráð fyrir.


Miðað við verðbólguþá *Þjóðarbúskaparins sumarskýrslu 2007* (endurskoðuð þjóðhagsspá 2007-2009) er gert ráð fyrir að breyting milli ára 2007 og 2008 verði 4,3% fyrir launavísitölu og 2,9% fyrir neysluverðvísitölu. Samkvæmt því mun samningurinn kosta ríkissjóð 252,6 milljónir króna árið 2008. Þá er tekið mið af hækkun vísitalna 2007 og áætluðum hækkunum 2008 og viðauka við þjónustusamning um rekstur Vaktstöðvar siglinga upp á 18,7 milljónir króna (árlega í 10 ár), sem staðfestur var af samgöngu- og fjármálaráðherra þann 26. mars 2007 (afrit af samningi fylgir bréfi þessu). Eins og fram kemur í viðbótasamningi geta þessar árlegu 18,7 milljónir hækkað, þegar fyrir liggur hver endanlegur kostnaður við endurnýjun fjarskiptabúnaðar verður. Tilboð í búnaðinn hafa nú verið opnuð hjá Ríkiskaupum og gengið verður til samninga á næstu vikum og nú þegar er ljóst að hækka verður þessa tölu eitthvað.



SIGLINGASTOFNUN


Fjárlagaliður Vaktstöðvar siglinga þarf að verða hærri fyrir árið 2008 en samningurinn segir til um eða 269,2 milljónir króna, sem er 252,6 milljónir króna að viðbættum 16,6 milljónum króna uppsöfnuðum halla til að hægt sé að eyða þeim halla sem orðinn er á fjárlagaliðnum. Hallinn er tilkominn vegna þess að samningsbundnar vísitöluhækkningar hafa orðið meiri en fjárlög undanfarinna ára hafa gert ráð fyrir.

Virðingarfyllt  
f.h Siglingastofnunar Íslands



Hermann Guðjónsson

Guðmundur Helgason



---

Rekstrargrunnur, m.kr.

Samningar um áætlunarflug innanlands .....	
Samningur um rekstur Slysavarnaskóla sjómanna .....	
Samningur um kaup á flugvalla- og flugleiðsöguþjónustu .....	
Samningar við sérleyfishafa .....	
Samningur um rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars .....	
Samningur um rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara .....	
Samningur um rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss .....	
Samningur um rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs .....	
Samningur um Mjóafjarðarferjuna Anný .....	
Samningur um flutninga til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi .....	
Samningur um markaðssetningu Íslands í N-Ameríku .....	
Samningar við Grænland og Færeyjar .....	
Samningur um Snorrastofu .....	
Samningur um rekstur Flugskóla Íslands .....	
Samningur um flug milli Íslands og Narsarsuaq .....	
Samningur um Vaktstöð siglinga .....	
Samningur um Alþjóðaflugþjónustuna .....	
Samningur um rekstur slökkviliðs á Reykjavíkur- og Akureyrarflugvöllum .....	
<b>Samtals .....</b>	

Til athugunar.:

Samningur um rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars .....	
Samningar um áætlunarflug innanlands .....	
Samningur um kaup á flugvalla- og flugleiðsöguþjónustu .....	

Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
B	-	-	-	-	
B	55,1	55,1	55,1	-	
B	-	-	-	-	
C	166,9	166,9	-	-	
C	-	-	-	-	
C	50,3	-	-	-	
C	221,3	221,3	221,3	221,3	
C	110,8	98,4	81,7	25,3	
C	3,6	-	-	-	
C	7,1	7,1	7,1	1,8	
C	47,1	47,1	-	-	
C	12,6	12,6	12,6	12,6	
C	2,0	2,0	2,0	-	
C	22,0				
C	12,5	7,5	6,5	6,5	
C		252,6	252,6	252,6	252,6
C	102,2	102,2	102,2	102,2	
C	120,7	120,7	120,7	120,7	
C	<b>1.155,9</b>	<b>1.093,5</b>	<b>861,8</b>	<b>743,0</b>	

dálkur fer út

dálkur bætis

Samningur gengur út í árslok og gert er ráð fyrir að nýr smningur verði ger  
Samningur gengur út í árslok og gert er ráð fyrir að nýr smningur verði ger  
Undirbúningur að gerð sammings stendur yfir.

## Viðauki við þjónustusamning um rekstur Vaktstöðvar siglinga

### 1. gr.

Vegna endurnýjunar búnaðar fyrir Vaktstöð siglinga er gerður eftirfarandi viðauki við þjónustusamning um rekstur Vaktstöðvar siglinga frá 28.06. 2004, með síðari breytingum.

Viðauki þessi gildir frá undirritun og tekur gildistími mið af framangreindum þjónustusamningi, sbr. 5. gr. Skulu ákvæði þjónustusamningsins eiga við um viðauka þennan eftir því sem við á.

### 2. gr.

Neyðarlínunni hf. sem fer með fjármál og rekstur Vaktstöðvar siglinga er með viðauka þessum falið að sjá um endurnýjun á fjarskiptabúnaði Vaktstöðvar siglinga. Um er að ræða endurnýjun á sendabúnaði á strandstöðvum auk miðkerfis, sbr. 4. gr. Miðað er við að endurnýjun verði lokið á árinu 2007.

Gerð hefur verið kostnaðaráætlun vegna endurnýjunar, auk áætlunar um þann sparnað sem fæst með rekstri á nýjum búnaði, sbr. 4. gr.

### 3. gr.

Fjármögnun endurnýjunar á búnaði byggir annars vegar á framlagi Neyðarlínunnar hf., sem miðast við þá lækkun á rekstrarkostnaði sem fæst með endurnýjuðum á búnaði og hinsvegar með framlagi frá verkaupa. Upphæðir miðast við kostnaðaráætlun sbr. 4. gr. en samkvæmt henni er kostnaður við framkvæmd krónur 181.391.892. Miðað við 10 ára afskriftartíma, 7% vexti og 3% verðbólgu verða ársgreiðslur vegna samnings um 29 milljónir.

Vísað er til 5. gr. þjónustusamningsins þar sem segir: "Ríkissjóður fyrir hönd Siglingastofnunar skal kaupa búnaðinn í lok samningstímabilsins, ef Neyðarlínan hf. óskar þess. Kaupverð skal vera kostnaðarverð til Neyðarlínunnar að meðtöldum endurnýjunarkostnaði á samningstímabilinu að frádregnum 10 % afskriftum". Þetta ákvæði gildir einnig um fjárfestingar samkvæmt viðauka þessum.

Samkvæmt áætlunum um sparnað verður árlegt framlag Neyðarlínunnar hf. samkvæmt viðauka þessum 14 milljónir án vsk. og árlegt framlag verkkaupa 18.7 milljónir með vsk.

Halda skal sérstakt bókhald um framkvæmd og innkaup vegna endurnýjunar búnaðar samkvæmt viðauka þessum og verða tölur áætlana endurskoðaðar og raunkostnaður reiknaður þegar búnaður hefur verið keyptur og settur upp, væntanlega í byrjun árs 2008. Greiðslur samkvæmt viðauka þessum hefst þegar framlag hefur fengist af fjárlögum 2008.

Kostnaðarliðir geta breyst til hækkunar og/eða lækkunar, háð framkvæmd verks og/eða samningum sem nást við birgja og/eða þróun gengis. Þegar framkvæmdum er lokið skal verk gert upp og upphæðir varðandi fjármögnun sem viðauki þessi tekur til endurskoðaðar. Gera skal sérstaka yfirlýsingu að lokinni uppsetningu búnaðar, um kostnað við endurnýjun og endanlegan kostnaðarluta verkkaupa og skal sú yfirlýsing undirrituð af samningsaðilum og vera hluti viðauka þessa. Allar greiðslur verkaupa samkvæmt viðauka þessum og í endanlegri kostnaðaryfirlýsingu skulu vera með virðisaukaskatti.

Greiðslur á framlagi verkkaupa skulu fara fram mánaðarlega gegn framvísun reiknings og skal greiðslum þessum haldið aðskildum frá öðrum greiðslum verkkaupa til Neyðarlínunnar.

4. gr.

Fjármögnun tekur mið af eftirfarandi kostnaðaráætlun vegna endurnýjunar búnaðar, auk áætlunar um árlegan sparnað:

ÁÆTLAÐUR STOFNKOSTNAÐUR	ein	magn	ein. Verð	samtals
MF/HF Búnaður - 500W með DSC	stk	8	2.503.134	20.025.072
Loftnetauppsætning og aðlögunarbúnaður	stk	8	1.500.000	12.000.000
VHF viðtæki 3ja og 2ja rása með DSC	heild	1	30.286.800	30.286.800
Loftnet og fylgibúnaður fyrir VHF viðtæki	heild	1	12.100.000	12.100.000
Endabúnaður á fjarskiptastöðvar	heild	1	8.416.440	8.416.440
Viðbótar tengibúnaður fyrir STK	stk	20	45.000	900.000
NAVTEX búnaður 2 sendar	stk	1	5.958.900	5.958.900
Uppsætning á loftnetum NAVTEX loftnetamælingar og fl.	heild	2	1.800.000	3.600.000
Hönnunar og umsýslukostnaður	heild	1	10.200.000	10.200.000
Rafgeymar	stk	25	50.000	1.250.000
Miðlægur búnaður (Switch) - Frequentis	stk	1	38.613.960	38.613.960
Uppsætning - tæknimaður Frequentis - 14 dagar án ferðakostnaðar, uppihalds og dagpeninga	heild	1	1.350.720	1.350.720
Uppsætning innlendur kostnaður línubúnaður vinna og fl	heild	1	5.800.000	5.800.000
Uppsætningarkostnaður fjarskiptastöðva	stk	36	400.000	14.400.000
Ófyrirséður kostnaður 10%	heild	1	16.490.189	16.490.000

**Samtals án VSK 181.391.892**

Lækkun á kostnaði á ári	í mkr.
Húsaleiga	5
Leigulínukostnaður	8
Leigukostnaður vegna loftneta	1
<b>Samtals án VSK</b>	<b>14</b>

Allar tölur í kostnaðaráætlun hér að framan eru án virðisaukaskatts.

5. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að heildarendurskoðun þjónustusamningsins frá 28. júní 2004 um rekstur Vaktstöðvar siglinga auk viðauka, sé nauðsynleg. Skal slík endurskoðun fara fram á árinu 2009 og vera lokið eigi síðar en 1. júlí 2009 með því að gerður skal nýr þjónustusamningur um rekstur Vaktstöðvar siglinga.

Við þá endurskoðun skal sérstaklega skoða kostnaðarliði og fjármögnun gildandi þjónustusamnings ásamt viðaukum, auk þess sem taka skal mið af reglugerð um þjónustusamninga ríkisins nr. 343/2006 með þeim breytingum sem kunna að verða gerðar á henni síðar og/eða þeim lögum og reglum sem kunna að verða sett um þjónustusamninga og verkkaupa bera að fara eftir.

Í nýjum þjónustusamningi skal kveða á um gildistíma og uppsagnarheimildir. Náist ekki samkomulag um nýjan þjónustusamning getur hvor samningsaðili sagt gildandi

þjónustusamningi ásamt viðaukum upp með átján mánaða fyrirvara, frá 1. júlí 2009 að telja.

Ákvæði 3. mgr. kemur í stað 14. gr. gildandi þjónustusamnings um gildistíma og uppsagnarheimild samningsins.

Ákvæði þetta um fyrirhugaða endurskoðun og gerð nýs þjónustusamningsins skoðast á engan hátt sem uppsögn gildandi þjónustusamnings.

6. gr.

Af viðauka þessum skulu gerð fjögur samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit.

Viðauka þessum til staðfestu eru undirskriftir aðila

Reykjavík, 20. mars 2007

f.h. Neyðarlínunnar hf

f.h. Siglingastofnunar Íslands

Staðfesting samgönguráðherra

Staðfesting fjármálaráðherra





SIGLINGASTOFNUN

Samgönguráðuneytið  
Oddur Einarsson  
Hafnarhúsinu v/ Tryggvagötu  
150 Reykjavík

Kópavogi, 01.10.2007  
Tilv. 041  
HG

### **Efni: Vaktstöð siglinga – Fjáraukalög 2007 – Fjárlög 2008.**

Vísað er til bréfaskipta ráðuneytisins og Siglingastofnunar um þetta málefni þann 17. og 18. þessa mánaðar. Þar var gerð grein fyrir því að hækka þyrfti framlag á fjárlögum/fjáraukalögum til Vaktstöðvar siglinga af tveimur ástæðum.

- 1) Samningur Siglingastofnunar við Neyðarlínuna o.fl. um rekstur vaktstöðvarinnar er bundinn launavísitölu og vísitölu neysluverðs, sem báðar hafa hækkað verulega umfram áætlanir fjárlaga.
- 2) Í framhaldi af ákvörðun Flugfjarskipta ehf. um að selja landið undan fjarskiptastöðinni á Rjúpnahæð og uppsögn á leigusamningi um aðstöðu þar fyrir fjarskiptabúnað Vaktstöðvar siglinga er nauðsynlegt að endurnýja búnað og koma honum fyrir á nýjum stöðum sbr. viðaukasamning um rekstur Vaktstöðvar siglinga sem staðfestur var af samgöngu- og fjármálaráðherra þann 26. mars 2007.

#### ***Fjáraukalög 2007.***

Í bréfi stofnunarinnar til ráðuneytisins þann 18. september 2007 kemur fram að uppsöfnuð fjárvöntun árána 2005, 2006 og 2007 á fjárlagaliðnum 10-335-1.11 *Vaktstöð siglinga* verður 16,6 m.kr. um komandi áramót. Ástæðan er vísitöluhækkunir umfram forsendur fjárlaga. **Lagt er til að þessum halla á fjárlagaliðnum verði eytt með 16,6 m.kr. fjárveitingu á fjáraukalögum 2007.**

#### ***Fjárlög 2008.***

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir 240,0 m.kr. framlagi til Vaktstöðvar siglinga. Í bréfi stofnunarinnar þann 18. september 2007 kemur fram að samningur um rekstur Vaktstöðvarinnar ásamt þeim viðaukum sem þegar hafa verið gerðir muni kosta ríkissjóð 252,6 m.kr. árið 2008 eða **12,6 m.kr.** umfram það sem segir í fjárlagafrumvarpi og er þá miðað við að launavístala muni hækka um 4,3% milli árána 2007 og 2008 og vísitala neysluverðs um 2,9% á sama tíma. Inni í tölunni 252,6 m.kr. eru 18,7 m.kr., sem samið var um í viðaukasamningnum sem árlegt framlag verkkaupa vegna endurnýjunar búnaðarins sem var á Rjúpnahæð.

Samkvæmt meðfylgjandi bréfi Neyðarlínunnar hf., sem barst í dag, mun heildarkostnaður við endurnýjun fjarskiptabúnaðar nema 245 – 250 m.kr. eða 65 m.kr. (upphæðir án vsk.) umfram það sem viðaukasamningurinn frá 26. mars 2007 gerði ráð fyrir. Lagt er til að fjárveiting fái árið 2008 til að gera upp þennan mismun í einu lagi eða  $65,0 \times 1,245 = \mathbf{80,9 \text{ m.kr.}}$  með vsk.




SIGLINGASTOFNUN

**Í samræmi við framanritað er lagt til að fjárlagaliðurinn 10-335-1.11 Vaktstöð siglinga verði hækkaður í  $240,0+12,6+80,9 = 333,5$  m.kr. árið 2008.**

Önnur leið væri sú að Neyðarlínan hf. fjármagnaði allan kostnað við endurnýjun búnaðarins í byrjun og fengi síðan endurgreitt á 10 árum með fjármagnskostnaði en þá þyrfti árleg greiðsla til þeirra að hækka um 14,0 m.kr. umfram þær 18,7 m.kr. sem þegar hefur verið samið um. Ef þessi leið yrði farin myndi samningurinn kosta ríkissjóð  $252,6 + 14,0$  eða 266,6 m.kr. árið 2008.

*Að lokum skal minnt á mikilvægi þess að farsæl lausn fáiast á þessu máli. Um er að ræða greiðslur sem eru afleiðing af vísitölubundnum samningum sem bæði samgönguráðherra og fjármálaráðherra hafa staðfest, og ákvörðunar Flugfjarskipta ehf. um að segja Neyðarlínunni upp aðstöðu á Rjúpnahæð. Augljóst er að Siglingastofnun getur ekki staðið við fjárskuldbingar samningsins í ár nema aukafjárveiting komi til og skal í því sambandi vísað til ítrekaðra ábendinga um að stofnunum ríkissjóðs sé ekki heimilt að greiða út úr ríkissjóði hærri upphæðir en fjárlög heimila.*

Virðingarfyllt  
f.h. Siglingastofnunar Íslands

  
Hermann Guðjónsson

Siglingamálastjóri,  
Hermann Guðjónsson,  
Siglingastofnun Íslands,  
Vesturvör 2,  
200 Kópavogi.


Með vísun til viðauka við þjónustusamning um rekstur Vaktstöðvar siglinga frá 26. mars 2007, þar sem greint er frá endurnýjun tæknibúnaðar vegna Vaktstöðvar siglinga er nú búið að vinna úr tilboðum og lagt til að samið við austurískt fyrirtæki Frequentis en greinargerð um útboð og skoðun tilboða fylgir með bréfi þessu.

Samhliða skoðun tilboða hafa fulltrúar Siglingastofnunar, vaktstjóri Vaktstöðvar, ráðgjafi við útboð ásamt fulltrúa Neyðarlínunnar lagt fram tillögu að útfærslu fjarskiptakerfisins, miðbúnaði og vinnustöð.

Eins og kemur fram í greinargerð var tilboð nokkuð hærra en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir auk þess sem lagt er til að styrkleiki millibylgju og stuttbylgju senda verði hækkaður úr 500W í 1.000W o.fl. hefur það leitt til þess að kostnaður verður um 65 mkr. ( án vsk ) hærri en greint er frá í fyrirnefndum viðauka við þjónustusamning um rekstur Vaktstöðvar. Árlegur kostnaður verður því um 14 mkr. ( Með vsk ) hærri.

Eins og kemur fram í fyrirnefndri greinargerð telja fyrirnefndir aðilar sem unnu að skoðun og mati á tilboðum að verð endurspegli gæði kerfisins og er lagt til að gengið verði til samninga við Frequentis og fjármagn tryggt til þessa verkefnis.

*Þórhallur Ólafsson*



Framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar

Fskj.

Greinargerð varðandi útboð á búnaði fyrir Vaktstöð siglinga.



Í tilboðum var óskað eftir verðum í búnað og uppsetningu að hluta til, verð á varahlutum og þjónustusamningi til 10 ára. Einnig var óskað eftir valkvæðum tilboðum í ýmsan aukabúnað sem verkkaupi gæti keypt eftir síðari athugun og ákvörðun.

Í kjölfar opunar var hafin yfirferð tilboða, ásamt skoðun á gildi þeirra og hæfi bjóðenda. Kom í ljós að lægstbjóðandi, Techno Sciences Inc., hefur ekki tilskylda reynslu af umbeðnum fjölda verkefna eftir stærð og eðli („by nature and scope”). Fjárhagsstaða lægstbjóðanda jafnframt mjög bág (neikvætt eigið fé) svo hann hefði ekki verið tryggur viðsemjandi, jafnvel þótt hann hefði verið hæfur.

Sömuleiðis hefur sá bjóðandi sem átti næst lægsta tilboð, C4i Inc. ekki tilskylda reynslu af sambærilegum verkefnum hvað varðar eðli verks. Þeirra reynsla er á sviði flugfjarskipta, ekki fjarskipta og eftirlits á sjó. Hvað varðar gildi tilboðs kom í ljóst að mikilvægur hluti boðins búnaðar C4i Inc. (MF og HF sendar) uppfyllir ekki kröfur útboðs um um CE vottun. Í töluvpósti frá C4i Inc. dags. 5 sept. 2007 staðfesti bjóðandi að boðinn búnaður uppfyllir ekki kröfur útboðs, en bauð valkost sem er CE merktur, en kostar aukalega USD 32.000,-. Miðað við boðna 12 senda hækkar þetta tilboð C4i Inc. um USD 384.000,- eða ISK. 23.692.800,- miðað við tollgengi opnunardags. Er þá tilboð C4i komið upp í 259,7 mkr í heild sinni. Ljóst er að líta ber á leiðrétt tilboð sem nýtt tilboð sem ekki er heimilt að taka, enda of seint fram komið. Af þessum sökum var tilboð C4i Inc. ógilt.

Norska fyrirtækið VisSim lagði fram þrjú tilboð, sem öll voru umtalsvert hærri en tilboð keppinauta. Við rýni gagna kom í ljós að öll tilboðin fólu í sér skilmála sem ganga að verulegu leyti gegn skilmálum útboðslýsingar. Má þar nefna að boðin verð eru „Ex-Works Horten”, þ.e. miðuð við afhendingu frá verksmiðjuvegg í Horten. Í gögnum er beðið um CIF verð og hækkar tilboð VisSim því sem nemur kostnaði við flutning og tryggingar. Jafnframt áskilur VisSim sér rétt til að breyta verðum eftir því hvernig NOK stendur gagnvart EUR. Slíkt er óheimilt, skv. útboðsgögnum. Má því ljóst vera að tilboð VisSim var í verulegu ósamræmi við skilmála útboðslýsingar. Ber því að líta á það sem ógilt.

Við yfirferð á tilboði Frequentis kom í ljóst að fyrirtækið uppfyllir kröfur um hæfi og virtist ekkert benda til annars en að tilboð þeirra væri gilt. Voru fulltrúar Frequentis boðaðir til skýringarviðræðna sem fram fóru þann 13. september s.l. Gengu viðræður vel og fengust svör við þeim vafaatriðum sem mögulega hefðu geta verið. Varð niðurstaða viðræðna sú að tilboð Frequentis uppfyllir kröfur útboðs.

Að mati tæknimanna endurspeglar tilboðsverð nokkuð vel gæði þess búnaðar sem Frequentis býður.

Frequentis búnaður hefur verið í notkun hjá Flugmálastjórn um nokkurn tíma og hefur hann reynst vel.

Lagt er því til að samið verði við Frequentis á grundvelli útboðs en í samningi og samningsgögnum verði fellt inn það sem kom fram á fyrrnefndum fundi með fulltrúm Frequentis m.a. greiðslutrygging í stað verktryggingar, heimild til að breyta magni án þess að það hafi áhrif á einingarverð, ýmis tæknileg mál o.fl.

Sept 2007

Jón Birgir Jónsson  
Magnús Hauksson  
Jörundur Kristjánsson?